

LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustíg 39, 260 Reykjanesbæ, sími: 420 1700, bréfsími: 421 5166


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/130
komudagur 13.11.2009

Umsögn Lögreglustjórafélags Íslands um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti), sjá þingskjal nr. 16 – 16. mál.

Lögreglan á Íslandi á í höggi við fjölþjóðlega, skipulagða brotastarfsemi og er alþjóðasamstarf lögreglu mikilvægt í því sambandi. Lögreglustjórafélag Íslands lýsir mikilli ánægju með fram komið frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti). Tekið er undir lýsingu í greinargerð á skipulagðri glæpastarfsemi og ógn sem af henni stafa fyrir samfélagið. Þar er þeim áskorunum sem lögreglan stendur frammi fyrir lýst á raunsannan hátt. Upptökuákvæði og ákvæði um mansal eru mjög til bóta, sem og skilgreining á skipulagðri glæpastarfsemi. Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við frumvarpið, heldur ítrekuð ánægja með innihald frumvarpsins.

f. h. Lögreglustjórafélags Íslands



Sigríður B. Guðjónsdóttir
Lögreglustjóri á Suðurnesjum